

Vinsælustu smiðjur Neista 2019 mæta aftur til leik auk nýrra smiðja sem merktar eru með  Smiðjurnar eru settar upp með það markmið að auka þekkingu og efla færni þátttakenda á viðkomandi sviði. Allar smiðjurnar nýtast í skátastarfi á einn eða annan hátt. Færnismiðjurnar gefa þátttakendum auk þess góðan grunn til að styðja við færni- og skátamerki skátanna og hugmyndir að notkun og kennslu á fundum, í ferðum og útilegum. Á listanum hér fyrir neðan kemur fram hversu langar smiðjurnar eru og hvaða færni- og skátamerki þær styðja við.

Lesið vel í gegn um allar smiðjurnar áður en þið veljið. Keyrð verða 3 valdagskrárbil, sem þýðir að hver þátttakandi getur tekið 3 stórar smiðjur eða 6 litlar eða blöndu af báðum. Raðað verður í smiðjurnar eftir áhuga, en athugið að sumar smiðjur hafa takmarkaðan þátttakendafjölda og munu því fyllast. Fyrstur velur fyrstur fær.

FÆRNI

1. Leikjastjórnun

2.5 klst smiðja

Grunnatriði leikjastjórnunar - hvernig notum við leikinn til þess að þjappa hópnum saman, fá ókunnuga til að kynnast, efla traust og ekki síst koma hita í mannskapinn og auka hamingju og gleði hjá nývöknudum unglingum. Hvaða reglur þarf að hafa í huga til að öllum líði vel og og minnka líkur á óheppilegum upptökum í hita leiksins?

Hver er formúlan fyrir hinn fullkomna stórleik? Stórleikir eru minnkuð ævintýri, vekja undrun, spennu og keppnissskap í skátum á öllum aldri.

Ath smiðjan er verkleg, gott að vera í þægilegum fótum til að hreyfa sig snögg og hratt.

Leiðbeinendur: Aðalsteinn Þorvaldsson og Egill Erlingsson

2. Fjallamennska og rötun

1 klst smiðja Færni- og skátamerki: Ramba - Rata

Réttur útbúnaður og hegðun á fjöllum getur skilið milli lífs og dauða. Hér er yfir helstu atriði fjallamennsku og hvaða útbúnaður þarf að hafa fyrir mismunandi ferðir. Farið verður yfir notkun áttavita, korta og GPS tækja auk þess sem við skoðum leiki og dagskrá sem hægt er að nýta til að kenna ungum skátum fyrstu skrefin.

3. Verkstæði skátaforingjans

2.5 klst smiðja

Stór handverkssmiðja með fjölbreyttum stöðvum.

Leðurvinna, ull og garn

Færni- og skátamerki: Skapa

Gefið ykkur góðan tíma í að læra handtökin við að gera flott skinn, búa til flokkseinkenni og hnúta, vinabönd, vefnað, þæfa ull og fleira.

Skrautskrift

Færni- og skátamerki: Skapa

Inngangur að skrautskrift. Hvernig notar maður skrautskriftarpenna og fyrirskriftir, færir flottan texta inn á skjöl og skinn og hvaða skreytingamöguleikar eru í boði.

Hnútar og bindingar

Færni- og skátamerki: Hnýta-Binda-Byggja

Helstu grunnhnútar, hvernig hægt er að nota þá og hvernig er gott að kenna þá.

S

🌟4. Hnifar og axir

1 klst

Færnimerki: Hnífur-Öxi og sög

Þekking á notkun, meðhöndlun og góðum vinnureglum þegar kemur að hnífum og öxum er nauðsynleg til að koma í veg fyrir slys og óþarfa óhöpp. Þátttakendur fá auk þess innsýn í nýja og öruggari leið til þess að kenna börnum tálgun. Í þessari smiðju er farið yfir allt sem þarf að kunna til að kenna og veita færniþrófsmerkin Hnífur og Öxi og sög. Smiðjan er einnig hluti af verkstæði skátaforingjans.

🌟5. Tjaldbúðameistarinn

1 klst

Færnimerki: Hnýta-Binda-Byggja

Allt sem þú þarft til að skipuleggja hæstu fánastöngina og flottasta hliðið á landsmótinu næsta sumar! Farið yfir helstu bindingar og grunnatriði í skipulagningu og öryggi trönubygginga. Mismunandi gerðir reipa og hvenær þær eiga við. Hvernig setur maður upp talfu og notar hana til að lyfta, draga og spenna eitthvað upp. Farið yfir helstu bindingar og grunnatriði í skipulagningu og öryggi trönubygginga. Smiðjan er einnig hluti af verkstæði skátaforingjans.

6. Skyndihjálp

2.5 klst smiðja

Færnimerki: Plástra - Hjálpa - Bjarga

Farið er ítarlega í öll þau atriði sem eru á bak við færnimerki í skyndihjálp og hvernig hægt er að koma skyndihjálparkennslu inn í dagskrá á skemmtilegan hátt.

7. ÚT að borða

2.5 klst smiðja

Færnimerki: Kokkur

Útielundarsmiðja sem lýkur með þriggja rétta máltíð.

Leiðbeinandi: Guðmundur Finnbogason

8. Eldmeistarinn

2.5 klst smiðja

Færnimerki: Neisti, logi, bál

Farið er ítarlega í öll þau atriði sem eru á bak við færnimerkin neisti, logi og bál og hvernig hægt er að koma kennslu í þeim inn í dagskrá á skemmtilegan hátt. Verkleik kennsla í uppbyggingu elds með tilliti til viðartegunda og hvort eldurinn er ætlaður til eldamennsku eða skemmtunar.

9. Klifur og sig

2.5 klst smiðja

Færnimerki: Hnýta

Ítarlegt námskeið í tryggingum og búnaði til notkunar í klifri og sigi sem nýta má í turni og klettum. Námskeiðið er verklegt, nauðsynlegt að búa sig vel í hlífðarfatnaði og góðum skóm.

Leiðbeinandi: Danni og Jonni

🌟10. Jökulsprunguæfing

1 klst smiðja

Dreymir þig um að ganga á Everest? Prófaðu alvöru jökulsprunguæfingu á stiga í broddum, belti og taug með aðstoð háfjalla göngufólks.

Leiðbeinandi: Erlendur Pálsson háfjallafari

11. Canva og hönnunarstaðall BÍS

1 klst smiðja

Hvernig búum við til flottar auglýsingar fyrir starfið okkar á einfaldan hátt með Canva og Pixlr. Notkun hönnunarstaðals BÍS við gerð auglýsinga og fréttabréfa.

Leiðbeinandi: Ragnheiður Ásta Valgeirsdóttir, hönnuður og teiknari

🌟12. Hannaðu þitt eigið merki 2.5 klst smiðja

Hannaðu merki fyrir sveitina eða flokkinn með aðstoð teiknara og hönnuða. Merkið verður fært á tölvutækt form og settur upp staðall fyrir merkið í Canva. Útbúinn stensill og merkið prentað á þinn eigin bol með umhverfisvænni prentun.

Leiðbeinendur: Ragnheiður Ásta Valgeirsdóttir, hönnuður og teiknari.

Sæþór Örn, myndlistamaður, silkiprentari, eigandi Farvi.is

13. Geimurinn, stjörnur og stjörnumerki 2.5 klst smiðja

Hvernig vekjum við áhuga skátanna á hinum endalausum víddum himingeimsins? Hér fáir þið bæði innsýn í stjörnufræði og hugmyndir að útfærslum í dagskrá.

Leiðbeinandi: Sigríður Kristjánsdóttir, jarðeðlisfræðingur

14. Saga skátastarfs 1 klst smiðja

Hreyfing verður til!

Hvernig náungi var þessi Baden Powell? Hvað var í gangi 1907? Hvernig þróaðist Skátahreyfingin í upphafi? Vandamál og áskoranir. Stelpurnar mæta til leiks. Skátaforingjarnir láta í sér heyra? Jamboree? Gilwell hvað...? Hreyfingin áfram.

Höfum það notalegt í Gilwell-skálanum og kynnum okkur málin.

Leiðbeinandi: Haukur Haraldsson

Samskipti og samvinna

🌟16.Samskipti og samfélagsmiðlar 2.5 klst smiðja 1 klst15. Kvöldvökustjórnun og gítarkennsla

Hvernig beislum við töfraandann á kvöldvökum? Í þessari smiðju er farið yfir uppbyggingu góðrar kvöldvöku, hvað einkennir góða kvöldvöku og hvernig mismunandi tegundir söngva hafa áhrif á gang kvöldsins. Hluti af smiðjunni er kennsla og/eða þjálfun í gítarspili, gott að taka með gítar eða annað hljóðfæri ef þú átt.

Markmið smiðjunnar eru að þjálfa upp kvöldvökustjórnendur og spilara í skátastarfi og að sú þekking nýtist bæði á kvöldvökum og í hefðbundnu félags-, sveitar- og flokksstarfi.

Leiðbeinandi: Sigurður Viktor Úlfarsson, Eðvald Einar Stefánsson og Björn Hilmarsson

Hvernig stuðlum við að faglegum og traustvekjandi samskiptum við foreldra og samfélagið í kring um okkur? Ílærum góðar leiðir til að kynna starf félagsins á samfélagsmiðlum og stuðla að góðum samskiptum við foreldra jafnt á samfélagsmiðlum og í tölvupósti. Einnig verður farið yfir óskrifaðar reglur um tölvupóstsendingar og mikilvægi svörunar.

Leiðbeinandi: Óskar Þór Þráinsson upplýsingafræðingur

17. Framkoma og ræðumennska 1 klst

Viltu láta til þín taka og sjá til þess að á þig sé hlustað? Hér færðu grunnþjálfun í framkomu og **ræðumennsku** sem nýtist vel á skátafundum, foreldrafundum og aðalfundum.

Leiðbeinandi frá JCI Ísland

18. Fundarsköp og fundarstjórn 1 klst

Ekki láta valta yfir þig! Hafðu fundarstjórnina á hreinu á næsta aðalfundi.

Leiðbeinandi frá JCI Ísland

☀️19. Jákvæði skátaförlinginn 1 klst

Pálmar Ragnarsson er einn vinsælasti fyrirlesari landsins þegar kemur að jákvæðum samskiptum sérstaklega í starfi með börnum og unglingum. Hann hefur getið sér gott orð sem körfuboltaþjálfari hjá KR þar sem hann umbreytti umgjörð æfinga með því að innleiða jákvæð samskipti.

Leiðbeinandi Pálmar Ragnarsson

☀️20. Aðgengilegra skátastarf 1 klst

Viðhorfabreyting mun gera skátastarf aðgengilegra þegar við áttum okkur á styrkleikum skátahreyfingarinnar til að taka á móti öllum í skátun. Fræðumst saman um hvernig við getum gert skátastarfið aðgengilegra og lærum aðferðir til að mæta betur börnum með sérþarfir.

Leiðbeinendur frá fagráði BÍS um skátastarf fyrir alla: Helga Þórey Júlíudóttir sérkennari og Thelma Run van Erven sálfræðingur.

☀️21. Alþjóðlegt skátastarf 1 klst

Hvað er WOSM og WAGGS og hvaða áhrif hafa heimsbandalögin á starfið okkar hér á Íslandi. Hvernig er samskiptum við þau háttað og hvaða tækifæra felast í samstarfinu? Skoðum einnig innleiðingu dagskrárpakka og merkja frá WOSM og WAGGS.

Leiðbeinandi: Þórey Lovísa og alþjóðaráð

Förlinginn- öruggur leiðtogi

22. Sveitarförlinginn - grunnfærni 2.5 klst

Smiðja fyrir nýja foringja og fyrir þá sem vilja skerpa á grunninum. Hér verður farið í skátaaðferðina, dagskrárhrenginn, áætlanagerð og uppbyggingu funda. Frábær smiðja sem stuðlar að öryggi foringja í dagskrárgerð.

☀️23. Öruggur foringi á fjöllum 1 klst

Safety management in activities

Hvað þarf að hugsa um til að tryggja öryggi þátttakenda í útivist, göngum og klifri. Í þessari smiðju er farið yfir góð vinnubrögð við skipulagningu og framkvæmd ferða sem setur engan í hættu. Ath smiðjan fer fram á ensku.

Leiðbeinandi: Javier Paniagua Petisco dagskrárstjóri ÚSÚ, fyrrum asst.programme manager í Kandersteg

☀️24. Ævintýralegi skátaforinginn 1 klst

Leading experiences

Hvernig gerum við göngur og klifurferðir eftirminnilegar og fullar af ævintýrum? Hvernig sköpum við minningar til lífstíðar úr einfaldri dagskrá? Ath smiðjan fer fram á ensku.

Leiðbeinandi: Javier Paniagua Petisco dagskrárstjóri ÚSÚ, fyrrum asst.programme manager í Kandersteg

☀️25. Skipulagði skátaforinginn 1 klst

Verkefnastjórnunarforritið Asana hefur marga kosti við að ná yfirsýn yfir flókin verkefni og skipulag hvort sem er fyrir einstakling eða hópa. Hér verður farið yfir grunn atriði Asana og sýndar útfærslur sem henta fyrir verkefnastjórnun hópa, birgðastjórnun skátafélagsins og persónulega yfirsýn yfir verkefni í skátastarfi. Gott að taka með sér tölvu.

Leiðbeinandi: Björn Swift hugbúnaðarverkfræðingur frá Asana

☀️26. Viðbrögð við áföllum í skátastarfi 1 klst

Hvað gerum við þegar við stöndum frammi fyrir því að eitthvað erfitt og alvarlegt hefur gerst á skátafundi, í útilegu eða hjá einhverjum í félaginu? Hvert hringjum við? Hvaða aðstoð er í boði? Þarf að tala við fjölmiðla?

Hermann Sigurðsson fyrrum framkvæmdastjóri BÍS fer yfir samskiptaferla og viðbragðsáætlanir, og segir okkur dæmi um fyrri atvik sem upp hafa komið og viðbrögð við þeim.

Leiðbeinandi: Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

☀️27. Ævintýraferð á Ama Dablam 1 klst

Hvernig setur maður sér markmið svo stórt að það er næstum óhugsandi. Erlendur segir frá og sýnir myndir af undirbúningi og aðdraganda þess að hann gekk á Ama Dablam 6.812 m tind í Nepal fyrr á

S

Þessu ári aðeins ári eftir að heilæxli var fjarlæggt með stórri skurðaðgerð úr höfði hans. Hvernig er tilfinningin að ná svo háleitu markmiði?

Leiðbeinandi: Erlendur Pálsson háfjallafari

🌟28. Flóttinn frá Ingólfi

1 klst

Educational Escape Room úr smiðju SSR

Þrállinn Karli er fangi Ingólfs Arnarsonar, en dreymir um frelsið - að fá að vera frjáls maður í stað fanga. Getur þú hjálpað honum að komast undan? *Flóttinn frá Ingólfi* er flóttarými þar sem þátttakendur læra um þroskasviðin, táknrænan ramma og verkaskiptingu í skátastarfi á einstaklega spennandi máta. ATH eingöngu fyrir þá sem ekki hafa ekki komið áður á flóttarými SSR.

Leiðbeinandi Inga Auðbjörg Straumland

🌟29. Lært í gegnum leik- gerð fræðsluflóttarýma í skátastarfi

1 klst

Hvernig getum við notað leikjafræði til að glæða viðfangsefnin lífi? Farið verður í grunnhugmyndir leikjavæðingar og gerð fræðsluflóttarýma fyrir skátastarf. **Athugið að þátttakandi verður að vera búinn að fara í *Flóttann frá Ingólfi*, annað hvort á meðan á Neista stendur, á Atrennu eða á foringjaráðsfundi fyrir Neista.**

Leiðbeinandi Inga Auðbjörg Straumland